

ALYKTUN FRÁ ÞINGFLOKKI KVENNALISTANS 7. DES. 1992.

Þingflokkur Kvennalistans mótmælir harðlega þeim fráleitu hugmyndum Sighvatar Björgvínssonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem fram komu í fréttatíma Stöðvar 2 í gærkvöldi um að skerða fæðingarorlofsgreiðslur. Er vægast sagt furðulegt að ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála sem að auki gegnir embætti á ábyrgð Alþýðuflokksins, jafnaðarmannaflokks Íslands, skuli leggja metnað sinn í að skerða þau réttindi sem hafa átt drýgstan þátt í því að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði. Hefði að óreyndu mátt ætla að slíkur ráðherra fyndi sárt til þess eins milljarðs kr. niðurskurðar sem ráðgerður er á barnabótum og mæðra- og feðralaunum en lýsti sig ekki beinlínis reiðubúinn til að leggjast í viking til að gera frekara strandhögg hjá barnafjölskyldum landsins.

Þá vill þingflokkur Kvennalistans benda á að ummæli ráðherrans um fæðingarorlofsgreiðslur bera vott um algera vanþekkingu á líffræði og kjörum kvenna. Ráðherrann sér ofsjónum yfir því að fæðingarorlof sé greitt til fólks -- þ.e.a.s. kvenna -- sem „er á besta aldri, flest við fulla heilsu og margir mjög tekjuháir“. Sem betur fer eru það öðrum fremur konur sem eru við bestu heilsu og á besta aldri sem ganga með og fæða börn en því miður eru sárafaár þeirra með mjög háar tekjur.

Að lokum vill þingflokkur Kvennalistans benda á að fæðingarorlofsgreiðslur eru hvorki batur né ölmusa heldur réttindi sem tengjast atvinnuþátttöku rétt eins og greiðslur í sumarorlofi. Heilbrigðis- og tryggingaráðherra er á besta aldri, með háar tekjur og að því er best verður vitað við þokkalega heilsu og ætti því að líta nær sér og sínum líkum þegar hann veltir fyrir sér auknum tekjum eða sparnaði fyrir ríkissjóð.